

Menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ

Tillaga

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að skipa fimm manna starfshóp til að kanna grundvöll fyrir fjölnota menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ. Við áframhaldandi uppbyggingu bæjarfélagsins á næstu árum og áratugum munu menning og listir, falleg náttúra, upplandið, hraunin, tjarnir, lækir og strandlengjan ásamt ríkri menningar- og söguarfleifð Garðabæjar leika stórt hlutverk.

Starfshópurinn skal skipaður þremur fulltrúum tilnefndum af bæjarráði og tveimur fulltrúum frá hagsmunaaðilum. Bæjarráð skal setja starfshópnum erindisbréf.

Starfsmaður hópsins verði upplýsingastjóri Garðabæjar en aðrir embættismenn Garðabæjar starfa með hópnum eftir þörfum. Starfshópurinn skal skila greinargerð til bæjarráðs fyrir lok apríl 2018.

Gunnar Valur Gíslason, formaður menningar- og safnanefndar
Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólanefndar

Greinargerð:

Bæjarstjórn Garðabæjar vill stuðla að því að efla Garðabæ enn frekar sem menningarbæ í framtíðinni. Allt samfélagið, þ.m.t. einstaklingar, félagasamtök, söfn og skólar, drífur menningarlífið áfram og leggst á eitt um að það verði fjölskrúðugt og líflegt.

Í öllu skólasamfélagi Garðabæjar, í söfnum og meðal öflugra frjálsra félagasamtaka í bænum er gríðarleg gróska og mikilvægt starf unnið við eflingu menningar og lista. Heima fyrir vinna Garðabæingar á öllum aldri að ýmiss konar listsköpun. Félagsstarf eldri borgara er umfangsmikið og kórastarf í bænum er rómað. Það er mikilvægt að virkja þennan mikla frumkvöðla- og félagsauð sem býr í bæjarbúum og hinum fjölmörgu félagasamtökum okkar í bænum ásamt því að styðja við öflugt list- og menningarstarf ungmenna og skólanna í Garðabæ.

Vert er að starfshópurinn skoði einnig möguleika Garðabæinga á miðlun menningar- og söguarfleifðar bæjarfélagsins, fræðslu, náttúru- og fuglaskoðun o.fl., t.d. í tengslum við menningar- og náttúrutengda ferðapjónustu.

Horft verði til þess að sameina undir einu þaki menningar- og fræðamiðstöð.

Hlutverk starfshópsins er að vinna grófa þarfagreiningu þar sem horft er til nýtingar hússins fyrir fjölbreytta menningar- og fræðastarfsemi fyrir alla aldurshópa, s.s. aðstöðu fyrir söfn bæjarins, tónlist, myndlist, leiklist, dans og skapandi greinar almennt, ráðstefnur, kórastarf, tónleikahald og sýningar; frumkvöðlastarfsemi og vettvang ungs fólks og eldri borgara bæjarins til að njóta menningar og lista. Starfshópurinn skal leggja til valkosti um staðsetningu, m.a. með umferðarmál og aðgengi að leiðarljósi.

Lögð er áhersla á að starfshópurinn skili niðurstöðum sínum til bæjarráðs eigi síðar en í lok apríl 2018.